



ÁRSSKÝRSLA ÆSKULÝÐSNEFNDAR SÖRLA

Veturinn 2018-2019

EFNISYFIRLIT

Starfsárið og nefndin.....	3
Æskulýðsnefnd 2018-2019:.....	3
Hestafjör Sörla haust 2018.....	4
Sameiginlegt Jólaball.....	5
Félagshesthús Sörla.....	6
Bingó	7
Barna og unglinganámskeið sörla vor 2019	7
Útreiðatúr og grill.....	8
Unglinga og ungmennaferð Sörla.....	8
Grímuleikar og Öskudagsball Sörla	9
Leikjadagur.....	9
1. maí sýning Sörla	10
Æskan og hesturinn.....	10
Fjölskylduferð.....	12
Sumar reiðnámskeið	12
Knapamerkjanámskeið.....	12
Fullrúi okkar á FEIF Youth camp.....	13
Fjallkona Hafnarfjarðar	13
Þakkir	14

STARFSÁRIÐ OG NEFNDIN

Eftir starf vetrarins höfum við litið yfir farinn veg, hvað var gott og hvað mætti betur fara. Þar var nefndin sammála um að byrja vetrarstarfið fyrr, á haustdögum og skipuleggja þá ungmennaferð þar sem erfitt reyndist að fá þátttakendur á vordögum. Við viljum reyna eftir fremsta megni að virkja fleiri börn og ungmenni, mynda tengsl milli þeirra og skapa góðan anda í félaginu. Einnig viljum við efla samstarf við félagshesthúsið og skipuleggja fleiri léttu reiðtúra þar sem krakkar geta komið saman og riðið út.

Dagskrá æskulýðsnefndar var metnaðarfull eins og á fyrri árum, leitast var eftir því að halda í góðar hefðir og bjóða upp á nýjungar. Slíkt væri erfitt ef ekki væri fyrir hjálpfúsa félagsmenn sem eru tilbúnir að leggja starfinu lið.

Æskulýðsnefnd 2018-2019:

Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður

Jóhanna Ólafsdóttir, varaformaður

Elín Málmfríður Magnúsdóttir, gjaldkeri

Freyja Aðalsteinsdóttir, ritari

Jónas Aron Jónasson

Hjördís Emma Magnúsdóttir

HESTAFJÖR SÖRLA HAUST 2018

Eins og undanfarin ár þá byrjaði vetrarstarfið á *Hestafjöri Sörla*.

Hestafjör Sörla var eins og í fyrra, 10 vikna námskeið ætlað börnum á aldrinum 9 til 14 ára sem hafa hestaáhuga, bæði þeim sem eiga eða hafa aðgang að hestum sem og þeim sem ekki hafa aðgang að hestum. Íshestar voru samstarfsaðili Sörla og útveguðu þeir hesta fyrir þá sem ekki höfðu aðgang að hesti.

Þetta námskeið var byggt upp til þess að kynna og gera krökkum sem ekki voru með tengingar inn í hestamennskuna en höfðu áhuga á því að prófa og kynnast hestum og hestamennskunni.

Krakkarnir uxu sem knapar á hestunum. Kennari var Friðdóra B. Friðriksdóttir og henni til aðstoðar var Jóhanna Freyja Ásgeirsdóttir. Fjöldi þátttakanda var takmarkaður eða 8 pláss, fullt var á námskeiðið sem tókst vel.

Námskeiðið hófst 27. september á bóklegu námi í fjögur skipti og verklegt nám byrjaði 11. október og var kennt tvisvar í viku. Þema námskeiðsins var James Bond og var lögð áherslu á sem fjölbreyttasta kennslu. Meðal annars umhirðu og hirðingu hesta, gangtegundir og fimi. Kennsla fór fram í reiðhöllinni en einnig var farið í reiðtúra, þegar veður leyfði. Námskeiðið endaði 4. desember með glæsilegri foreldrasýningu.

SAMEIGINLEGT JÓLABALL

Sörli og Sóti héldu sameiginlegt jólaball á Sörlastöðum fyrir hestamannafélögin á höfuðborgarsvæðinu 5. janúar og mættu um 150 manns. Tvær ævintýrapersónur frá leikhópnum Lotta, þær prinsessan á bauninni og Dórathea úr Oz tóku á mót og skemmtu gestunum. Síðan var dansað í kringum jólatréið og mættu þeir Stúfur og Ketkrókur hressir að vanda og léku á alls oddi og dönsuðu með ungum sem öldnum í kringum jólatréið. Að loknum dansi fengu öll börn að sjálfsögðu nammipoka frá þeim bræðrum. Ballið var hin besta skemmtun og fóru allir glaðir og sáttir heim að loknu balli.



FÉLAGSHESTHÚS SÖRLA

Þann 21. janúar 2019 tók Félagshesthúsið í Sörla formlega til starfa. Markmið starfsins er að veita þeim börnum og unglingum sem annars höfðu ekki möguleika á að stunda hestamennsku tækifæri á að stíga sín fyrstu spor í hestamennsku og kynnast ævintýraheimi íslenska hestsins, undir handleiðslu leiðbeinenda. Að auki var mikilvægur hluti starfsins að mynda félagsleg tengsl, kynnast öðrum krökkum með sama áhugamál og kynnast starfi hestamannafélagsins.

Starfið fór fram í 14 hesta húsi sem leigt var undir starfsemina og hentaði það einkar vel fyrir 10 til 12 börn, en undir voru, voru krakkarnir orðnir 15. Það voru þær Auður Ásbjörnsdóttir og Guðbjörg A. Guðbjörnsdóttir sem buðu fram aðstoð sína við að aðstoða krakkana í húsinu.

Börnin voru á aldrinum 9 til 16 ára, allt frá byrjendum upp í lengra komna. Í húsinu voru lánshross frá félagsmönnum og einnig voru sum barnanna með sín eigin hross. Krökkunum var skipt í tvo hópa eftir aldri og getustigi. Hóparnir mættu hvor um sig tvisvar í viku í verklega kennslu. Í verklegri kennslu lærðu börnin undirstöðuatriði í umhirðu og velferð hrossanna auk grunnatriða í almennri reiðmennsku. Börnin byrjuðu hverja kennslustund á því að sinna umhirðu hrossanna og þegar því var lokið fóru þau á bak. Markmiðið var að kenna börnunum góða reiðmennsku, nauðsynlegar liðkunar- og leiðtogaæfingar, ýmis öyggisatriði og fleiri mikilvæga hluti með það að leiðarljósi að gera þau eins sjálfstæð í sinni hestamennsku og raunhæft var. Hóparnir hittust svo sameiginlega einu sinni í viku þar sem viðfangsefni tímana var ýmist markviss fræðsla eða áhersla á skemmtun, félagsleg tengsl og samskipti.

Börnin stóðu misjafnlega vel að vígi hvað varðar félagslega færni og höfðu nokkur þeirra sérþarfir sem koma þurfti til móts við. Það var því frábært að sjá hversu gefandi starfið var og hvernig félagshesthúsið og ást barnanna á hestum sameinaði þau og veitti þeim tækifæri til að mynda ný vinatengsl og efla sjálfstraust sitt og sjálfsmynd. Að sögn foreldra og forráðamanna var starfið orðið mikilvægur hluti af lífi barnanna.

Strax í vor var stöðugt spurt um framtíð Félagshússins og hvort það yrði ekki starfrækt áfram. Lögðu þær Auður og Guðbjörg, auk formans Sörla mikla vinnu á sig í sumar til að starfsemin yrði áfram og með það að markmiði að Félagshúsið yrði starfrækt frá september og fram á vor.

Hestamannafélagið Sörli er afar stolt af því hve vel hefur tekist til í ungliðastarfi og eru allir sammála um að þetta verkefni tókst með eindæmum vel, svo vel að eftir því er tekið í öðrum hestamannafélögum. Þörfin var greinilega til staðar því nú á haustdögum voru 41 barn skráð í Félagsheshúsið. Þær stöllur Auður og Guðbjörg eiga svo sannarlega hrós skilið fyrir frábært starf fyrir félagið og erum við sannfærð um að það eigi eftir að auka nýliðun í félaginu.

BINGÓ

Hið árlega Bingó var haldið 20. janúar. Mæting var frábær en um 55 manns mættu og myndaðist alvöru bingóstemming á Sörlastöðum. Boðið var upp á svala, gos og popp á meðan á bingóinu stóð og líkt og fyrri ár var boðið upp á pizzur í hléinu, sem runnu ljúft ofan í Bingógesti. Mjög veglegir bingóvinningar voru í boði og fóru margir vinningshafar glaðir heim með veglega vinninga.


BARNA OG UNGLINGANÁMSKEIÐ SÖRLA VOR 2019

Haldið var barna og unglinganámskeið fyrir krakka á aldrinum 7 – 15 ára.



Mikil aðsókn var á námskeiðið eða alls 34 ungir knapar og þurfti að bæta við hópum vegna þátttöku. Alls var kennt í fimm hópum þar sem raðað var í hópa eftir getu. Kennt var í 6 skipti á laugardagsmorgnum.

Á námskeiðinu var TREK haft til hliðsjónar sem fól í sér að ríða yfir hindranir og leysa alskyns þrautir. Einnig var farið í ásetuæfingar til að auka jafnvægi og bæta ásetu knapans. Í lok námskeiðs sýndu krakkarnir hvað þeir höfðu lært á 1. maí sýningu Sörla.



Kennari var Ástríður Magnúsdóttir en hún hefur kennsluréttindi frá Hólaskóla og henni til aðstoðar var Liga Liepina.

ÚTREIÐATÚR OG GRILL

Þátttakendur í Æskan og hesturinn og foreldrar þeirra fóru saman í góðan reiðtúr með börnunum og hittust svo á Sörlastöðum þar sem þeim var boðið upp á hamborgara og pylsur ásamt gosi og ís í eftirrétt.

Markmið ferðarinnar var að styrkja krakkana og fara saman í ferð og brjóta upp æfingarnar fyrir Æskan og hesturinn. Tókst ferðin vel og allir krakkarnir voru mjög kátir og léku sér vel saman á Sörlastöðum eftir reiðtúrinn.

UNGLINGA OG UNGMENNAFERÐ SÖRLA

Skipulögð var Unglinga- og ungmennaferð Sörla 2019 þann 16. mars með unglingum og ungmennum á aldrinum 14-17 ára (árg. '05-'02). Heimsækja átti tvo hestabúgarða á Suðurlandi, Sunnuhvol í Ölfusi og Votmúla í Árborg, skreppa í sund á Selfossi og fara út að borða á Ölverk í Hveragerði áður en haldið yrði heim á leið.

Því miður varð að aflýsa þessari ferð vegna dræmrar þátttöku. Dræm þátttaka má útskýra af þéttu keppnisdagatali þessa aldurshóps og var Æskulýðsnefndin sammála um að betra væri að fara í svona ferðir á haustin.

GRÍMULEIKAR OG ÖSKUDAGSBALL SÖRLA

Hinir árlegu Grímuleikar Sörla voru haldnir 17. mars þar sem eins og áður var heimilt að ríða annað hvort tölt eða brokk. Þar mættu tólf pollar sem voru teymdir í grímubúningunum sínum og bar einnig að líta skrautlega skreytta hesta. Pollar í flokki ríðandi sjálfir voru sjö talsins og stóðu þeir sig eins og hetjur. Allir pollar fengu verðlaun fyrir þátttöku en einnig voru veitt verðlaun fyrir flottasta búninginn í pollaflokki. Flokkaskipting var með óhefðbundunum hætti enda um óhefðbundið mót að ræða. Flokkarnir skiptust í Börn (10-13 ára), Unga fólkið (14-17), Sjálfráða fólk (18 ára og eldri).

Eftir Grímuleikanna var boðið í öskudagsball í matsalnum á Sörlastöðum. Það voru um 50 börn sem komu og skemmtu sér vel á Grímuballinu þar sem kötturinn var sleginn úr tunnunni við mikla gleði viðstaddra. Boðið var upp á djús og popp og kaffi og kleinur, eitthvað fyrir alla.

LEIKJADAGUR

Þann 13. apríl var leikjadagurinn haldinn í fjórða sinn á Sörlastöðum þar sem krakkarnir komu saman, ásamt foreldrum eða forráðamönnum án hesta sinna og áttu glaðan dag saman í leik og skemmtun. Mæting var frábær eins og á síðasta ári en í ár komu um 60 börn sem öll hoppuðu af mikilli gleði og skemmtu sér einstaklega vel. Rúmlega hálf reiðhöllin var tekin undir hoppukastala fyrir allan aldur og einnig var boðið upp á flottar veitingar. Má þar nefna að Formaður Sörla og varaformaður Æskulýðsnefndar öttu kappi í þrautabraut í hoppukastala þar sem Formaður Sörla vann með glæsibrag. Þegar dagskránni lauk fengu allir þátttakendur páskaegg með sér heim.



1. MAÍ SÝNING SÖRLA

Í tilefni alþjóðlega dags Íslenska hestsins var, eins og hefð er orðin, haldin sýning á Sörlastöðum 1. maí og gerði æskan honum hátt undir höfði.

Sýningin var sett með fallegri fánareid þrúðbúinna keppnisknapa af yngri kynslóðinni. Síðan eins og áður var getið sýndu krakkar af barna- og unglinganámskeiðinu hvað þeir höfðu lært á námskeiðinu með því að ríða yfir hindranir og leysa alskyns þrautir. Því næst sýndu þau Katla Sif Snorradóttir og Gustur frá Stykkishólmi gæðingafimiprógram en þau voru sigurvegarar í gæðingafimi í Meistaradeild Líflands og æskunnar 2019. Þá var komið að atriðum Sörla fyrir sýninguna Æskan og hesturinn 2019. Víkingarnir úr Sörla sýndu flotta slaufureid og hindrunarstökk og gangtegundir.

Metfjöldi mætti á sýninguna, munaði litlu að höllin fylltist. Þegar formlegri sýningu var lokið var öllum boðið í veglegt vöfflukaffi með rjóma og tilheyrandi og bauðst krökkum að fara í leiki í reiðsalnum. Dagurinn tókst frábærlega vel og má það þakka unga fólkinu okkar sem lagði sig fram um að gera sýninguna sem glæsilegasta.

ÆSKAN OG HESTURINN

Þann 4. maí voru haldnar tvær glæsilegar sýningar Æskan og hesturinn. Þar mættu Sörlakrakkar, ásamt krökkum frá Fáki, Herði, Mána og Spretti í TM höllina í Víðidal. Voru atriðin öll hin glæsilegustu og skemmtilegt að sjá hve gaman krakkarnir höfðu af þessu og hve mikið var lagt í undirbúning atriðanna.



Undirbúningur fyrir Æskan og hesturinn hjá okkur í Sörla byrjaði snemma og var það Freyja Aðalsteinsdóttir sem sá um atriðin. Voru allir hvattir sem áhuga höfðu að taka þátt í sýningunni að mæta og vera með í undirbúningnum. Nefndin bauð upp á pizzu á kynningarfundinum svo haldin var og fór enginn svangur heim.

Sörli sendi í ár tvö atriði. Víkingarnir úr Sörla sem var vel æfð og flott slaufureið og hindranastökk þar sem 9 börn og unglingar tóku þátt. Búningarnir voru veglegir í ár en þeir voru fengnir að láni frá Víkingafélaginu Rimmugýgur í Hafnarfirði. Krakkarnir áttu mikinn þátt í að búa til og móta atriðið líkt og undanfarin ár. Alltaf er mikið hópefli var í kringum undirbúninginn, krakkarnir elfdi til að kynnast og nýjir félagar teknir með. Hópurinn hittast á hugmyndaflugsfundi þar sem allar hugmyndir eru ræddar og krakkarnir fá að taka þátt í ákvarðanatöku á því hvernig atriðið muni verða útfært.



Eftir sýningarnar á Æskan og hesturinn hittust þáttakendur og aðstandendur á Sörlastöðum þar sem boðið var upp á hamburgara og með því þar sem hópurinn átti saman skemmtilega samverustund. Allir voru þreyttir en glaðir eftir daginn.

FJÖLSKYLDUFERÐ

Laugardaginn 8. júní var farið í fjölskylduferð. Hist var við Sörlastaði og riðið í kringum Stórhöfða. Þetta er algjör sparileið sem Sörlafélagar njóta að fara þegar það er þurrt og gott veður. Allir tóku með sér nesti og var stoppað á leiðinni og borðað, spjallað og hópurinn naust sín vel í einstaklega góðu veðri í dásamlegri náttúru.

SUMAR REIÐNÁMSKEIÐ

Líkt og undanfarin ár var Sörli í samstarfi við Íshesta á vikulöngum reiðnámskeiðum fyrir börn á aldrinum 6-15 ára. Yfir umsjón með námskeiðunum hjá Íshestum hafði Margrét Gunnarsdóttir.

Í ár vorum við einnig í samstarfi við Reiðskólann á Álftanesi en hann var starfræktur í fyrsta sinn í fyrra. Námskeiðin voru sannkölluð ævintýranámskeið í stórbrotinni náttúru á félagsvæði hestamannafélagsins Sóta. Umsjónarmaður var Karen Woodrow og var Ástríður Magnúsdóttir kennari með henni á þessum námskeiðum.

Hestamannafélagið fær krakka út vinnuskóla Hafnarfjarðar til að aðstoða á sumarnámskeiðunum, þar ganga fyrir krakkar sem sækja um og eru félagsmenn Sörla, allir sem sóttu um vinnu í ár fengu sumarvinnu.

Mjög mikil ásókn var á öll námskeiðin hjá samstarfsaðilum okkar í sumar og er áhugi hjá okkur að efla þetta samstarf enn frekar við báða aðila að ári, enda góð leið til að kynna hestamennsku fyrir börnum sem ekki hafa greiðan aðgang að hestum.

KNAPAMERKJANÁMSKEIÐ

Boðið var uppá knapamerki 1, 2, 3, 4, og 5 bæði bóklegt og verklegt. Kennslan fór fram með sama sniði og áður, tvisvar í viku. Knapamerki hafa notið mikilla vinsælda í Sörla undanfarin ár og hafi bæði börn og fullorðnir stundað námið. Kennarar voru þær Friðdóra B. Friðriksdóttir og Ásta Kara Sveinsdóttir.

FULLRÚI OKKAR Á FEIF YOUTH CAMP

Birgitta Ósk Káradóttir Sörlafélagi var valin af Æskulýðsnefnd LH ásamt tveimur öðrum stelpum úr Fáki og Þyt til að fara á FEIF Youth Camp sumarþingið sem voru haldnar á Íslandi í sumar. Þær hittu þar krakka sem stunda hestamennsku frá öðrum löndum, þær kynntu íslenska hestinn fyrir þeim og kynntust sjálfar hestamenningu hinna þjóðanna. Félagið styrkti Birgittu um 30.000 kr og hún fékk líka jakka merktan félaginu.

FJALLKONA HAFNARFJARÐAR

Sörlakonan Katla Sif Snorradóttir var fjallkona Hafnarfjarðar 2019. Virkilega gaman að Heilsubærinn Hafnarfjörður skyldi velja öfluga hestaíþróttakonu til að flytja ávarpið í ár. En hún var valin úr hópni ungra afreksíþróttakvenna á aldrinum 16-25 ára.



ÞAKKIR

Það er gæfa æskulýðsstarfsins ef félagsmenn eru öflugir að leggja því lið sé leitað til þeirra og ber að þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg. Að öllum öðrum ólöstuðum ber að þakka sérstaklega nokkrum aðilum fyrir þeirra framlag til starfsins: Aðalbjörg Sigurjónsdóttir, Auður Ásbjörnsdóttir, Ásta Kara Sveinsdóttir, Ástríður Magnúsdóttir, Bjarney Grendal, Friðdóra B. Friðriksdóttir, Guðbjörg Anna Guðbjörnsdóttir, Jóhanna Freyja Ásgeirsdóttir, Karen Woodrow, Kristinn Jón Einarsson, Līga Liepina, Magnús Hannesson, Svavar Arnfjörð, Sveinbjörn Guðjónsson og Sæbjörg Ólafsdóttir auk þess sem seint verður full þakkað aðstoð Sigríðar Kristínar Hafþórsdóttur fyrir hennar aðstoð í einu og öllu. Ofantöldum hópi öllum færum við okkar bestu þakkir fyrir þeirra framlag til starfsins. Auk þess færum við Æskulýðsnefnd Sóta okkar bestu þakkir fyrir samstarfið við framkvæmd og skipulag jólaballs hestamannafélaganna.

Fjölmörg fyrirtæki styrktu starfið með einum eða öðrum hætti og ber einnig að þakka þeim því erfitt væri að hafa starfið jafn öflugt og raun ber vitni án þeirra stuðnings. Við sendum eftirtöldum fyrirtækjum bestu þakkir fyrir stuðninginn: Brimco, Burger-inn, Furufllís, Hafnarfjarðarbær, Hestar og menn, Icehest, Íslenska Flatbakann, Lagnafóðrun, Lífland, Rio Tinto Alcan, Súfustinn, Söðlaverkstæði Jóns Sigurðssonar, Víking sjávarfang, Víkingafélagið Rimmugygur og Ölgerðin, auk þeirra sem lögðu okkur lið en vilja þó ekki láta nafns sín getið.